



## Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2014-U001**


Dagsetning: **12. janúar 2014**

Staðsetning: **Vesturlandsvegur, brú við Fornahvamm**

Atvik: **Hliðarerekstur**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum og skal ekki leitast við að skipta sök eða ábyrgð.

## Staðsetning



## Aðstæður

### Væður og birta:

Bjart, -4°C, NA 12 m/s og gékk á með éljum.

### Vegur:

Slysið varð á steyptri brú. Hálfka. Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst. Meðaltalsumferð á sólarhring er 1293 ökutæki.

### Tími sólarhrings:

Dagur.

### Ökutæki:

Toyota Corolla  
Man L2000

## Samantekt

*Um klukkan 12:30 þann 12. janúar 2014 lentu tvær bifreiðar í hörðum árekstri á Vesturlandsvegi við Fornahvamm. Ökumaður fólksbifreiðar missti stjórn á bifreiðinni þegar henni var ekið yfir skafl sem myndast hafði við vegriðsenda við brú yfir Nordurá með þeim afleiðingum að hún snerist á veginum og hægri hlið hennar lenti framan á vöruflutningabifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður og farþegi fólksbifreiðarinnar létust af völdum lífhættulegra áverka sem af slysinu hlutust. Ökumaðurinn var 18 ára karlmaður og farþeginn var 16 ára stúlka.*

## Lýsing á slysi

Rétt eftir hádegi þann 12. janúar 2014 var Toyota Corolla fólksbifreið ekið áleiðis norður Vesturlandsveg, auk ökumanns var einn farþegi í framsæti. Vindur var nokkuð hvass, norðaustanátt um 12 m/s og hviður fóru upp undir 20 m/s uppi á Holtavörðuheidi. Snjór var yfir veginum og fokið hafði í skafla sem gengu inn á veginn á nokkrum stöðum. Á sama tíma var MAN L2000 vöruflutningabifreið ekið suður yfir Holtavörðuheidi. Auk ökumanns voru tveir farþegar og verið var að flytja fimm hross sem voru í farmrými bifreiðarinnar.

Við enda vegriðs sem liggur yfir brúna yfir Norðurá við Fornahvamm hafði skafið í skafl sem gekk inn á akrein til norðurs. Samkvæmt vitnum missti ökumaður fólksbifreiðarinnar stjórn á henni þegar hann ók yfir skaflinn. Bifreiðin byrjaði að rása til á veginum og rann því sem næst á hlið framan á vöruflutningabifreiðina. Ökumaður hennar hemlaði og vék til hægri áður en til áreksturs kom. Ummerki voru um að vöruflutningabifreiðinni hafi verið ekið utan í vegriðið. Samkvæmt ökuritaskífu var hraði vörubifreiðarinnar 69 km/klst. rétt fyrir slysið og þegar bifreiðarnar skullu saman var hraðinn kominn niður í um 30 km/klst. Útreikningar á hraða fólksbifreiðarinnar benda til að hraði hennar hafi verið um 70 til 80 km/klst áður en henni var ekið í gegnum skaflinn.



**Mynd 1: Mynd af vettvangi tekin í akstursátt fólksbifreiðarinnar við vegriðsendann.**

Ökumaður og farþegi fólksbifreiðarinnar voru báðir spenntir í öryggisbelti. Mikil aflögun var inn í fólksrými bifreiðarinnar og lést farþeginn samstundis. Ökumaðurinn var fluttur mikið slasaður á spítala en lést af völdum lífshættulegra fjöláverka sem af slysinu hlutust rúmum tveimur vikum síðar. Talsverður þyngdarmunur var á bifreiðunum. Vörubifreiðin hefur verið með farmi að lágmarki 6,5 tonn en fólksbifreiðin undir 1,5 tonni. Við áreksturinn kastaðist fólksbifreiðin aftur og stöðvuðust báðar bifreiðarnar á brúnni.

Hvorki ökumaður né farþegar í vöruflutningabifreiðinni hlutu meiðsli í slysinu.

Bifreiðarnar voru skoðaðar eftir slysið. Ekkert kom fram við skoðun á vöruflutningabifreiðinni sem skýrir orsök slyssins. Fólksbifreiðin var á löglegum negldum vetrarhjólborðum en hálfslitnum. Margir naglar hjólbarðans hægra megin að framan voru dottnir úr. Ósamstæðir hjólbarðar geta valdið misræmi í veggripi milli hjóla og getur það átt þátt í að ökumaður missti stjórn á ökutækinu.

Vegurinn liggur nokkuð beinn þar sem hann fer yfir brúna, 7 til 8 metra breiður með slitlagi beggja vegna en brúin sjálf er steipt með vegriðum sem ná nokkuð út fyrir enda brúarinnar beggja vegna.

Samkvæmt upplýsingum frá veghaldara var vegurinn skafinn og sandaður um klukkan 8 um morguninn.

Samkvæmt lögregluskýrslu var ökumaður vöruflutningabifreiðarinnar ekki undir áhrifum áfengis. Áfengis- eða lyfjarannsókn var ekki gerð á ökumanni fólksbifreiðarinnar en ekki lá grunur um að hann hafi verið undir áhrifum.

## Orsakagreining

- Ökumaður fólksbifreiðarinnar missti stjórn á henni þegar hann ók yfir skaf.
- Ökumaður fólksbifreiðarinnar ók of hratt miðað við aðstæður.
- Ósamstæðir hjólbarðar að framan á fólksbifreiðinni.
- Skafið hafði í skafli við vegriðsenda á brú

## Ábendingar

### Akstur við vetraraðstæður

Varasamar aðstæður geta skapast á vegum landsins að vetrarlagi. Hálka og snjór á veginum minnka veggrip og snjór getur skafið í skafla inn á veginn og skapað mikla hættu, sérstaklega fyrir lítil ökutæki. Þegar ekið er inn í skafla getur ökutæki farið að snúast og ökumaður misst stjórn á því með ófyrirséðum afleiðingum. Eins geta vindhviður valdið sömu áhrifum, sérstaklega ef veggrip er takmarkað. Erfitt getur verið að greina skafla sem skafið hafa inn á veg og því afar mikilvægt að vera vel vakandi fyrir þessum hættum.

Skaflar geta myndast út frá ýmsum þáttum í umhverfinu eins og í brekkum, við hæðir, hóla og vegrið. Vel þekkt er að skafið getur í skafla við vegrið eins og raunin varð á þessum stað. Þá eru þeir oft þykkastir út við kannt.

Ökumenn þurfa að gæta sérstakrar varúðar og draga úr aksturshraða þar sem aðstæður eru þröngar og lítið rými til að bregðast við þó tími gefist til.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hvetur ökumenn til að undirbúa vel ferðalög að vetrarlagi. Kanna ástand bifreiðarinnar og þá sérstaklega hjólbarðanna. Vegagerðin heldur úti öflugri fréttaveitu á [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is), á [vegasja.vegagerdin.is](http://vegasja.vegagerdin.is) og með upplýsingasímanum 1777. Mikilvægt er að kynna sér færð og veður fyrir ferðalög að vetrarlagi, og velja ferðatíma út frá upplýsingum um færð og veður. Eins er mikilvægt að haga akstri eftir aðstæðum og gera ráð fyrir lengri ferðatíma.

### Umgengni á slysavettvangi/Varðveisla slysavettvangs

Vöruflutningabifreiðin stöðvaðist eftir áreksturinn þannig að erfitt var fyrir umferð að komast yfir brúna. Slysavettvangurinn er í tæplega 60 km fjarlægð frá Borganesi og fyrsti lögreglumaðurinn kemur á vettvang 35 mínútum eftir að slysið er tilkynnt. Við rannsókn málsins kom í ljós að vegfarendur höfðu fært vöruflutningabifreiðina til áður en lögregla og sjúkralið komu á staðinn og þannig spillt vettvangi slyssins. Rannsóknarnefnd samgönguslysa bendir á mikilvægi þess að varðveita slysavettvang eins og kostur er fyrir rannsókn slyssins. Um þetta er fjallaði í 3. mgr. 10. gr. umferðarlaga þar sem bannað er að raska vettvangi eða fjarlægja ummerki umferðarslyss þar sem maður hefur látist eða slasast alvarlega. Ef ökutæki veldur verulegri hættu fyrir umferðina skal þó færa það úr stað.



**Skýrslan var samþykkt af:**

Geirþrúður Alfreðsdóttir  
Ásdís J. Rafnar  
Brynjólfur Mogensen  
Guðmundur Freyr Úlfarsson

**Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa**

Sævar Helgi Lárusson  
Stjórnandi rannsóknar

**Reykjavík 10. júlí 2015**  
**Rannsóknarnefnd samgönguslysa**